

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 940/2018 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1630 frá 9. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við beitingu á umbreytingarráðstöfuninni fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, skal gilda hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 85/2018 frá 20. desember 2018, bls. 187-189. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 41.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 103. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 7. júlí 2021.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Hjörleifur Gíslason.